

## REGLUGERÐ

### um innheimtu þinggjalda á árinu 1993.

#### 1. gr.

Álögð þinggjöld á tekjur og eignir ársins 1992 skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 1993. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí.

#### 2. gr.

Par til álagning ársins 1993 liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Greiðslan skal nema á hverjum gjalddaga 10,5% af þeim þinggjöldum er honum bar að greiða á árinu 1992. Að því er menn varðar er þó einungis átt við önnur þinggjöld gjaldársins 1992 en tekjuskatt.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal ekki innheimta fyrirframgreiðslu ef hún nær ekki 1000 kr. á mánuði hjá hverjum gjaldanda.

#### 3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 1993 skv. 2. gr.

Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

#### 4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema rauntekjur hans hafi lækkað svo mjög milli árána 1991 og 1992 að tekjuskattsstofn á tekjuárinu 1992 sé meira en 25% lægri en tekjuskattsstofn hans var á tekjuárinu 1991 eftir að síðarnefnd fjárhæð hefur verið hækkuð um 10,5%. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra, enda hafi fjölskylduástæður gjaldanda breyst eða aðrar aðstæður skert gjaldþol hans verulega.

Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

#### 5. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda og ef fallist er á umsókn skal niðurstaða einnig tilkynnt innheimtuadila.

#### 6. gr.

Allir þeir, er hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun fyrir starfa, sbr. 1. mgr. 92. gr., eru skyldugir að kröfu innheimtumanns að halda eftir af kaupum launþega til lúkningar gjöldum þeirra aðila sem launþegar bera sjálfskuldarábyrgð á og innheimta ber samkvæmt ákvæðum 110. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu launagreiðendur aldrei halda eftir meira en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á gjöldum samkvæmt lögum nr. 75/1981, gjöldum samkvæmt IV. kafla laga nr. 90/1990 og afdrætti opinberra gjalda samkvæmt ákvæðum laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Afdráttur af launum vegna staðgreiðslu skal ávallt ganga fyrir afdrætti af launum vegna eldri skattskulda og gjalda.

#### 7. gr.

Um greiðslur þinggjalda á árinu 1993 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110. gr., 113. gr. og 119 gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1992.*

**F.h.r.****Indriði H. Þorláksson.**

---

*Snorri Olsen.*

## REGLUGERÐ

### um frjálsa skráningu vegna útleigu hótél- og gistiherbergja.

1. gr.

Aðili sem í atvinnuskyni leigir út hótél- og gistiherbergi getur sótt um frjálsa skráningu til skattstjóra.

2. gr.

Aðili sem fær heimild til frjálsrar skráningar skal innheimta 14% útskatt af sölu gistingar skv. 1. gr.

3. gr.

Aðili sem skráður er frjálsri skráningu skv. 1. gr. getur samkvæmt almennum ákvæðum laga nr. 50/1988 og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, talið til innskatts þann virðisaukaskatt sem eftir skráninguna fellur á kaup hans á vörum og þjónustu er varða umrædda starfsemi.

4. gr.

Umsóknir um frjálsa skráningu skal senda skattstjóra í því skattumdæmi þar sem aðili er heimilisfastur.

5. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu skv. 40 gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 63. gr., ákvæði til bráðabirgða I, laga nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum, og 6. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, öðlast gildi 1. janúar 1993 og gildir til 31. desember 1993.

*Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1992.*

**F. h. r.****Indriði H. Þorláksson.**

---

*Jón H. Steingrímsson.*